

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 19. apríl 1985.

Nr. 225/1982. **Guðmundur Hafsteinn Hjaltason**

(Brynjólfur Kjartansson hrl.)

gegn

Auði Torfadóttir

(Benedikt Blöndal hrl.)

Skuldamál. Nafnnúmer. Vextir.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Þór Vilhjálmsson.

Porgeir Örlygsson, fulltrúi yfirborgardómarans í Reykjavík, kvað upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. nóvember 1982, að fengnu áfrýjunarleyfi 10. s.m. Hann krefst þess, að nafnnúmer áfrýjanda verði leiðrétt þannig, að það verði 3075-4840 í stað 3511-3827, eins og tilgreint er í héraðsdómi, og stefnda, Auður Torfadóttir, verði dæmd til að greiða áfrýjanda 30.000,00 krónur með 37% ársvöxtum frá 1. október 1981 til 1. október 1982, 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 47% ársvöxtum frá þeim degi til 21. september 1983, 39% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október s.á., 36% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember s.á., 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember s.á., 25% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 13. ágúst s.á., 24% ársvöxtum frá þeim degi til 27. ágúst s.á., 25% ársvöxtum frá þeim degi til 18. september s.á., 25,5% ársvöxtum frá þeim degi til 11. október s.á., 26% ársvöxtum frá þeim degi til 25. október s.á., 27,5% ársvöxtum frá þeim degi til

1. janúar 1985, 34% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar s.á., en 37% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms í máli þessu og síðan með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Áfrýjandi krefst enn fremur staðfestingar á málskostnaðarákvæði héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur með þeirri breytingu, að vextir verði ekki dæmdir hærri en almennir innlánsvextir á hverjum tíma. Hún samþykkir leiðréttingu þá á nafnnúmeri áfrýjanda, sem í kröfugerð hans getur. Þá krefst stefnda, að málskostnaður fyrir Hæstarétti verði látinn niður falla.

Í greinargerð sinni fyrir Hæstarétti gerir áfrýjandi svofellda grein fyrir ástæðum til áfrýjunar máls þessa:

„Við gerð stefnu til héraðsdóms í ofangreindu máli urðu þáverandi lögmanni þau mistök á að greina nafnnúmer stefnanda rangt sem 3511-3827 en ekki 3075-4840 sem er hið rétta nafnnúmer. Ástæða þessara mistaka var sú að áfrýjandi hefur alltaf gengið undir skírnarnafninu Hafsteinn en ekki Guðmundur. Þegar lögmaðurinn leitaði til þjóðskrár var honum tjáð að aðeins einn Hafsteinn Hjaltason væri á skrá í Reykjavík og væri nafnnúmer hans 3511-3827. Tók lögmaðurinn það nafnnúmer upp í stefnu sína.

Stefnda lét ekki sækja þing í héraði en áfrýjaði síðan dómnum af sinni hálfu og beindi áfrýjuninni gegn Hafsteini Hjaltasyni nnr. 3511-3827 en birti ekki áfrýjunarstefnuna fyrir áfrýjanda þessa máls. Mátti stefndu þó vera fullljóst hver áfrýjandi er því aðilar voru áður í hjónabandi“.

Samkvæmt því, sem að framan segir, ber að taka kröfu áfrýjanda um leiðréttingu á nafnnúmeri hans til greina og dæma stefndu til að greiða honum 30.000,00 krónur með vöxtum, sem, eins og hér stendur á, ákveðast eins og í dómsorði greinir.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms er staðfest.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Stefnda, Auður Torfadóttir, greiði áfrýjanda, Guðmundi Hafsteini Hjaltasyni, nafnnúmer 3075-4840, 30.000,00 krónur með 37% ársvöxtum frá 1. október 1981 til 1. nóvember 1982, 45% ársvöxtum frá þeim degi til 21. september 1983, 37% árs-

vöxtum frá þeim degi til 21. október s.á., 36% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember s.á., 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember s.á., 25% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1985, 32% ársvöxtum frá þeim degi til 1. febrúar s.á., en 37% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bærjapings Reykjavíkur 26. apríl 1982.

Mál þetta, sem dómtekið var 13.4. sl., er höfðað fyrir bærjapinginu með stefnu, birtri föstudaginn 26.3. 1982, af Hafsteini Hjaltasyni, nnr. 3511-3827, Hvassaleiti 18 í Reykjavík, gegn Auði Torfadóttur, nnr. 0886-6007, Máshólum 4 í Reykjavík, til greiðslu skuldar að fjárhæð, kr. 30.000,00 auk 4,5% dráttarvaxta fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 1.10. 1981 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu samkv. gjaldskrá LMFÍ.

Stefnandi kveður málavexti vera þá, að þann 15. desember 1980 hafi verið gert skilnaðarsamkomulag milli hjónanna Auðar R. Torfadóttur, stefndu, og stefnanda, Hafsteins Hjaltasonar, sem lagt hafi verið fram hjá yfirborgardómara í Reykjavík í hjónaskilnaðarmáli þeirra. Skv. þeim samningi hafi stefnda yfirtekið fasteignina að Máshólum 4 og skuldbundið sig til að greiða stefnanda út hans hlut í fasteigninni með ákveðnum greiðslum á gjalddögum, sem teknir hafi verið fram í skilnaðarsamkomulaginu. Þegar komið hafi að síðustu greiðslunni, kr. 45.000,00, þann 1.10. 1981, hafi stefnda greitt stefnanda kr. 15.000,00, en hafi hafnað frekari greiðslum til stefnanda. Þar sem stefnandi hafi ekki fengið greiddar eftirstöðvarnar, kr. 30.000,00, þrátt fyrir ítrekuð tilmæli, sé honum nauðugur sá kostur að höfða mál til greiðslu skuldarinnar.

Stefnda hefur hvorki sótt né látið sækja þing, og er henni þó löglega stefnt. — Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfu stefnanda, verða kröfur hans teknar til greina að öllu leyti.

Málskostnaður ákveðst kr. 4.009,00.

Dóminn kvað upp Þorgeir Örlygsson.

D ó m s o r ð :

Stefnda, Auður Torfadóttir, greiði stefnanda, Hafsteini Hjaltasyni,

kr. 30.000,00 ásamt 37% ársvöxtum frá 1.10. 1981 til greiðsludags, og kr. 4.009,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 19. apríl 1985.

Nr. 90/1985. **Ákærvaldið**

gegn

Hilmari Þóri Ólafssyni

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Þór Vilhjálmsson.

Ríkissaksóknari hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 16. apríl 1985, sem barst réttinum s.d. Ríkissaksóknari krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og varnaraðilja gert að sæta gæsluvarðhaldsvist til 15. maí 1985, kl. 17:00, og honum verði á þeim tíma gert að gangast undir rannsókn á geðheilbrigði sínu með tilliti til sakhæfis.

Af hálfu varnaraðilja er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar og réttargæsluþóknunar úr ríkissjóði verði það gert. Að öðrum kosti er eigi gerð krafa um réttargæsluþóknun fyrir Hæstarétti.

Varnaraðilja er gefið að sök, að hann hafi framið verknað, sem talinn er geta varðað við 211. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga, en brot gegn 211. gr. varða fangelsi 5 ár hið minnsta. Ber því samkvæmt 4. tl. 67. gr. laga nr. 74/1974 að taka kröfu ákærvalds um gæsluvarðhald til greina, þó svo, að ákveða verður að því ljúki 1. maí, þar sem krafa var eigi gerð í sakadómi um lengra gæsluvarðhald. Krafa um rannsókn á geðheilbrigði varnaraðilja var ekki höfð uppi fyrir sakadómi, og kemur hún því eigi til álita í Hæstarétti.